

# FÉLAGALÖG, BOGFIMIFÉLAGIÐ BOGINN

## 1.gr. Nafn

Félagið heitir Bogfimifélagið Boginn, skammstafað BoBo

## 2. gr. Heimili

Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

## 3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er iðkun íþrótta félagsins með æfingum og keppni.

## 4.gr. Félagsmenn

Félagsmenn geta orðið allir þeir sem áhuga hafa á íþróttum félagsins.

## 5. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa að lágmarki þrír menn:  
Formaður, varaformaður og meðstjórnandi.

Einnig skal kosið um embætti gjaldkera og ritara á aðalfundi en ef enginn býður sig fram í þau embætti á aðalfundi þá skipta formaður, varaformaður og meðstjórnandi verkefnum þeirra embætta á milli sín.

Stjórnarmenn skulu kosnir til 1 árs í senn.  
Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

Daglega umsjón félagsins annast formaður.

Firmaritun félagsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega.

## 6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars ár hvert. Til fundarins skal boða bréflaga eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal getið dagsskrár í fundarboði. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu hafa borist stjórn minnst viku fyrir aðalfund. Mál sem berast eftir að sá frestur er

liðinn verða ekki tekin fyrir nema 2/3 fundarmanna samþykki það. Rétt til fundarsetu með öllum réttindum hafa skuldlausir félagar.

Dagsskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Lögð fram ársskýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræða um hana.
4. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar, umræða og atkvæðagreiðsla.
5. Nefndir gefa skýrslur og umræður um þær.
6. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
7. Lagabreytingar ef fyrir liggja.
8. Kosin stjórn:
  - a) kosinn formaður
  - b) kosinn varaformaður og meðstjórnandi
  - c) kosinn gjaldkeri og ritari
  - d) kosnir tveir varamenn í stjórn
9. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar.
10. Önnur mál
11. Fundarslit.

Á aðalfundi fer hver félagi með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema varðandi lagabreytingar, þá þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna til þess að breytingar nái fram að ganga. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Stjórn félagsins getur boðað til félagsfundar er brýna nauðsyn krefur eða ef 60% félagsmanna bera fram skriflega ósk um það. Til slíks fundar skal á sama hátt og til reglulegs aðalfundar. Rétt til fundarsetu hafa skuldlausir félagar. Dagsskrá félagsfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Tekin til meðferðar þau mál sem gáfu tilefni til boðun fundar og tilkynnt voru í fundarboði.
4. Fundarslit.

## 7. gr. Starfstímabil

Starfs- og reikningstímabil félagsins er almanaksárið.

## 8. gr. Slit Félagsins

Til að slíta félaginu þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef slíkt er samþykkt skal boða annan félagsfund innan tveggja mánaða, sem eingöngu skal fjalla um slitin. Séu slit félagsins einnig samþykkt á þeim fundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða er félaginu endanlega slitið. Eignir félagsins skal þá varðveita hjá UMSK, þar til annað félag með sama tilgangi er stofnað á félagssvæðinu, en þá skulu þær renna til þess. Ef slíkt félag er ekki stofnað innan fimm ára frá slitum félagsins renna framangreindar eignir til UMSK

## 9. gr.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi og öðlast gildi eftir að UMSK og ÍSÍ hafa staðfest þau.

**Dags og undirskriftir stofnenda:** \_\_\_\_\_

**Formaður:** \_\_\_\_\_

**Varaformaður:** \_\_\_\_\_

**Meðstjórnandi:** \_\_\_\_\_